



FRÍSTUNDASTYRKIR FYRIR BÖRN

Frístundastyrkur er til að auðvelda foreldrum að standa straum af kostnaði vegna þátttöku barna í frístundastarfi.

Styrkurinn er til foreldra barna 4 –18 ára, þ.e. þeirra barna sem verða 18 ára á árinu og eiga lögheimili í Garði.

Styrkfjárhæð er kr. 30.000 fyrir hvert barn á árinu.

Fyrirkomulag:

Barn tekur þátt í starfi á vegum íþróttasamtaka, skóla eða annarra viðurkenndra aðila.

Foreldri greiði kostnaðinn og fær endurgreitt á bæjarskrifstofu Garðs gegn afhendingu frumrits kvittunar, allt að kr. 30.000 á árinu.

- Ef íþrótt, listgrein eða námskeið er í boði í Sveitarfélaginu Garði er frístundastyrkur greiddur fyrir kostnaði vegna þess, en styrkur er ekki greiddur ef iðkun á sér stað utan sveitarfélagsins.
- Ef íþrótt, listgrein eða námskeið er ekki í boði Sveitarfélaginu Garði, er frístundastyrkur greiddur vegna þess, þótt svo iðkun fari fram utan sveitarfélagsins.

Hægt er að skipta styrknum vegna þátttöku á fleiri en einum stað.

Dæmi um það sem er styrkhæft:

- Allar íþróttagreinar.
- Listgreinar, svo sem dans, leiklist, myndlist, tónlist.
- Leikjanámskeið.
- Kofabyggð.
- Skólagarðar.

Bæjarstjórinn í Garði.